

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 58/1915.

Réttvísni

gegn

Tómasi Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu gegn hinum ákærða Tómasi Jónssyni á Hamri í Rípurhreppi og meðákærða í héraði Jóni Jónssyni í Viðvík, áður á Þönglaskála. Var hinn fyrnefndi með dómi téðs réttar, uppkveðnum 29. júní þ. á., dæmdur í 1 árs betrunarhússvinnu samkvæmt 250. gr. og 273 gr. sbr. 274. gr. (mun vera ritvilla fyrir 272. gr. sbr. 273. gr.) almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og til að greiða varðhaldskostnað sinn, málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns Jóns hrepp-

stjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum, 20 kr. og $\frac{7}{9}$ hluta annars sakarkostnaðar; en hinn síðarnefndi var dæmdur samkvæmt 156. gr. hegningarlaganna í 60 kr. sekt til landssjóðs, til vara einfalt fangelsi í 12 daga og til að greiða $\frac{2}{9}$ hluta af öðrum sakarkostnaði en þeim, er leitt hefir af gæsluvarðhaldi Tómasar Jónssonar.

Dómi þessum er eftir beiðni ákærða Tómasar Jónssonar og að því er til hans kemur skotið til yfirdómsins.

Tildrög málsins eru þau, að á síðastliðnum vetri kom fyrir í Viðvíkurhreppi brúnn foli með fjármarki Jóns Jónssonar á Þönglaskála, en Jón kannaðist eigi við að eiga folann og neitaði að hafa leyft nokkrum mark sitt á hann. Hreppstjórnin í nefndum hreppi auglýsti því folann sem óskilafé, en ákærði, Tómas Jónsson gaf sig þá fram sem eiganda folans og þóttist hafa fengið leyfi Jóns á Þönglaskála fyrir markinu á honum. Hreppstjórinn vildi þó eigi taka gilda þessa skýrslu ákærða um heimild hans fyrir markinu, né afhenda honum folann, og fór ákærði þá til Jóns á Þönglaskála, sagði honum, að sumarið 1913, er ákærði bjó á Syðri-Hofdölum, hefði folinn, sem þá var folald, mismarkast hjá sér undir mark Jóns, og því til sönnunar sýndi hann Jóni tvö vottorð, annað frá Stefáni Stefánssyni í Vik, föðurbróður ákærða, hitt frá Birni Skúlasyni á Syðri-Hofdölum um að þeir hefðu verið viðstaddir mismörkun brúna folans. Fekk ákærði svo vottorð Jóns, dags. 12. febr. þ. á., um að hann hefði heimilað ákærða, þegar hann (ákærði) bjó á Syðri-Hofdölum markið á folanum, og lét hreppstjóri

folann lausan við ákærða, er hann sýndi honum vottorð Jóns. En síðar er það viðurkent af Jóni að vottorð þetta sé rangt, og að ákærði hafi aldrei nefnt við hann mark á trippinu fyrir en hann kom til að fá vottorðið 12. febr. Var Jón dæmdur í héraði fyrir þetta ranga vottorð sem fyrir segir.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum verður að telja það sannað, að ákærði hafi ritað og sjálfur undirskrifað í heimildarleysi vottorð þau frá Stefáni Stefánssyni og Birni Skúlásyni, er hann sýndi Jóni á Þönglaskála; tjáist hann hafa gert það í því skyni, að Jón yrði fúsari til að gefa honum hið ranga vottorð. Vottorð þessi hafa eigi komið fram í málinu, með því að ákærði tjáist hafa rifið þau í sundur, en honum ber saman við Jón um hvað í þeim hafi staðið, og að þau bæði hafi verið undirskrifuð nöfnum fyrgreindra manna; það eitt ber þeim á milli, að ákærði segir annað vottorðið hafa verið skrifað með blýanti, en Jón að þau hafi bæði verið skrifuð með bleki. Ákærði hefir haldið því fram, að frágangur á vottorðunum hafi verið mjög ófullkominn og er eftir atvikum eigi ástæða til að véfengja það. Í annan stað hefir ákærði játað það, að hann árið 1913, er hann bjó á Syðri-Hofdölum, hafi markað fyrgreindan brúnan fola með fjármarki Jóns á Þönglaskála í því skyni að kasta eign sinni á hann. Skýrði ákærði fyrst svo frá, að hann hefði tekið folaldið í Hofstaðaselsmýrum undan steingrárri hryssu, er Stefán föðurbróðir hans átti. En er Stefán lýsti því yfir, að hann væri sannfærður um, að brúni folinn væri eigi folald það, er hann hafði tapað undan

gráu hryssunni veturinn 1912—13, og vildi eigi taka við honum, breytti ákærði framburði sínum á þá leið, að vorið 1913 hefði hann fengið leyfi til að reka 10 trippi að Heiði í Gönguskörðum til sumargöngu, en 3 af trippum þessum hefðu strokið þaðan heim að Hofdölum, og hafi hann orðið þeirra var einhvern tíma eftir miðjan maí; með trippunum hafi komið brúnn foli veturgamall með marki heilrifað bæði eyru, hrossamarki Sigurðar Jónssonar óðalsbónda á Reynistað, og hafi trippi þessi öll gengið í heimahögum á Syðri-Hofdölum um sumarið. Þegar ákærði sá brúna folann vaknaði hjá honum löngun til að kasta eign sinni á hann, og gerði hann það þegar í stað með því að afmarka hann. Þennan framburð ákærða er ekki ástæða til að tortryggja með því að hann kemur heim við skýrslu Sigurðar Jónssonar á Reynistað, en hann hefir skýrt frá, að sér hafi horfið brúnn foli veturgamall, er hann hafi eigi spurt til síðan 1913, og hafi hann síðast sést 20. maí þá um vorið. samkvæmt þessum skýrslum var folinn afhentur Sigurði sem réttum eiganda.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1886. Hefir hann fyrir lögreglurétti Skagafjarðarsýslu sætt 30 kr. sekt, fyrir tíundarsvik 25. marz 1908, og með landsyfirréttardómi 29. sept. 1913 verið dæmdur í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt 250. gr hegningarlagna. Framangreint brot ákærða ber að heimfæra undir 250. gr. og 272. gr. sbr. 273. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin af undirdómaranum hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhúsvinna. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn og að

vera óraskaður. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors. Við meðferð málsins í héraði athugast, að fyrgreindur landsyfirréttardómur hefir eigi verið lagður fram í málinu, en að öðru leyti hefir málsmeðferðin verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði, Tómas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 5/1915.

Hreppsnefnd Helgustaðahrepps
gegna

Árna Jónassyni

fyrir hönd hvalveiðastöðvar

Ásgeirs Ásgeirssonar.